

Reglur um árangursviðmið kjarnaflokks

1. gr. Lágmarkstímabil vöru í kjarnaflokki er 12 mánuðir. Vara getur ekki fallið úr kjarnaflokki á lágmarkstímabilinu.

2. gr. Vörutegund í kjarnaflokki, sem lokið hefur lágmarkstímabili skv. 1. gr., þarf að uppfylla þau árangursviðmið sem fram eru sett í neðangreindri töflu til að halda sæti í kjarnaflokki.

| | Vöruvalsdeild | Fjöldi |
|-----------|---|--------|
| B1 | Lagerbjór. Ljós í dós | 61 |
| B2 | Lagerbjór, annar en B1 | 27 |
| B3 | Bjór, annar en B1 og B2 | 22 |
| B4 | Síder og áfengi undir 7% annað en bjór | 19 |
| V1 | Vín í flöskum 501-1500 ml | 303 |
| V2 | Vín í flöskum >1500 ml, vín í fernum og kössum | 49 |
| V3 | Vín <=500 ml og annað áfengi 7-14,4% vínanda | 23 |
| F1 | Styrkt vín, kryddvín og annað áfengi 14,5-22% vínanda | 38 |
| S1 | Vodka og gin | 36 |
| S2 | Áfengi yfir 22% vínanda annað en S1 | 99 |

3. gr. Vöruvalsdeildir: sjá 9. mgr. 2. gr. og 15. gr. vöruvalsreglugerðar, nr. 755/2011. Sjá einnig vöruvalsdeildatöflu.

4. gr. Hámarksfjöldi vara, í hverri vöruvalsdeild, sem haldið getur sæti sínu í kjarnaflokki við hverja tilfærslu úr reynsluflokki er takmarkaður. Framlegðarhæstu vörurnar, í hverri vöruvalsdeild, halda sæti sínu.

5. gr. Reglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 15. gr. vöruvalsreglugerðar nr. 755/2011 og koma í stað reglunnar um árangursviðmið kjarnaflokks, dags. 27. nóvember 2014. Reglur þessar öðlast gildi 1. maí 2015.

Reykjavík, 27. febrúar 2015,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir